

Reykjavík, 15. maí 2018

Niðurstaða athugunar á aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Kortþjónustunni hf.

Fjármálaeftirlitið hóf athugun á aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hjá Kortþjónustunni hf. með bréfi dagsettu 19. apríl 2017.

Athugunin beindist að framfylgni Kortþjónustunnar hf. við lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka vegna færsluhirðingar félagsins erlendis, sbr. einnig leiðbeinandi tilmæli Fjármálaeftirlitsins nr. 5/2014 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

Markmið athugunarinnar var að kanna framkvæmd félagsins á áreiðanleikakönnun upplýsinga um viðskiptamenn. Þá tók athugunin til verklags í tengslum við reglubundið eftirlit og rannsóknar- og tilkynningarskyldu auk þjálfunar starfsmanna, samræmdra starfsaðferða og innri reglna félagsins. Tekið var úrtak fimm viðskiptamanna Kortþjónustunnar hf. af lista yfir 20 stærstu erlendu viðskiptamenn félagsins árið 2016.

Niðurstaða athugunarinnar lá fyrir í apríl 2018 og byggðist á gögnum og upplýsingum miðað við stöðuna eins og hún var þegar athugunin hófst, m.a. gögnum og upplýsingum um aðila sem teknir voru í viðskipti á árinu 2016. Fjármálaeftirlitið telur rétt að taka fram að frá því athugunin hófst hafa orðið verulegar breytingar á eignarhaldi, stjórn og rekstri Kortþjónustunnar hf.

Fjármálaeftirlitið gerði athugasemdir við að Kortþjónustan hf. hefði ekki sýnt fram á að framkvæmd áreiðanleikakannana hjá þeim viðskiptamönnum sem lentu í úrtakinu hefði fullnægt skilyrðum 5. gr. laga nr. 64/2006. Kortþjónustan hf. hafði þegar slitið viðskiptasambandi við tvo þeirra aðila sem lentu í úrtakinu, en Fjármálaeftirlitið gerði kröfu um að félagið myndi binda enda á viðskiptasamband við hina þrjá, með vísan til 9. gr. laga nr. 64/2006, sbr. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi.

Þá gerði Fjármálaeftirlitið athugasemd við að í tilviki tveggja viðskiptamanna af fimm, hefði Kortþjónustan hf. ekki greitt fyrstu greiðslu inn á reikning viðskiptamannsins, skv. 1. mgr. 10. gr. laga nr. 64/2006. Rétt er að taka fram að þegar athugun Fjármálaeftirlitsins hófst hafði Kortþjónustan hf. þegar breytt verklagi í þeim tilgangi að uppfylla þessa kröfu laganna.

Það var niðurstaða Fjármálaeftirlitsins að framkvæmd áreiðanleikakannana á erlendum viðskiptamönnum Kortþjónustunnar hf. hefði almennt ekki samræmst þeim kröfum sem gerðar eru í lögum nr. 64/2006. Fjármálaeftirlitið gerði því kröfu um að Kortþjónustan hf. færi yfir framkvæmd áreiðanleikakannana vegna annarra erlendra viðskiptamanna, en þeirra sem voru í úrtakinu, og væri ekki fullnægt skilyrðum 1. og 2. mgr. 5. gr. laganna skyldi félagið án tafar binda enda á viðskiptasamband við þá viðskiptamenn.

Fjármálaeftirlitið gerði einnig eftirfarandi athugasemdir varðandi framfylgni Kortþjónustunnar hf. við lög nr. 64/2006 um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka:

- að Kortþjónustan hf. hefði almennt ekki sinnt með fullnægjandi hætti reglubundnu eftirliti með samningssambandi við viðskiptamenn skv. 6. gr. laga nr. 64/2006.
- að Kortþjónustan hf. hefði ekki gripið til ráðstafana til að sinna með fullnægjandi hætti rannsóknarskyldu sinni og mögulegri tilkynningarskyldu vegna viðskipta sem grunur leikur á að rekja megi til peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka skv. 17. gr. laganna.

- að Kortþjónustan hf. hefði ekki séð til þess að starfsmenn fengju fullnægjandi þjálfun í aðgerðum gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka skv. 2. mgr. 23. gr. laganna.
- að ábyrgðarmaður aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hefði ekki séð til þess að mótaðar væru samræmdar starfsaðferðir er stuðli að góðri framkvæmd laganna.
- að innri reglur Kortþjónustunnar hf. um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka hefðu ekki að fullu verið í samræmi við lög.

Fjármálaeftirlitið gerði kröfu um að Kortþjónustan hf. gerði viðeigandi úrbætur vegna athugasemdanna.